

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, mál nr. S-50/2019**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, matvæli og eftirliti með fóðri, áburði og sáðvöru var birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnarráðsins þann 20. febrúar sl. og var frestur veittur til 6. mars.

Landssamband kúabænda (LK) hefur farið yfir frumvarpið og hefur eftirfarandi athugasemdir:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilaður verði innflutningur á ófrosnu hráu kjöti og ógerilsneyddum eggjum. Bann við innflutningi ófrysst hrás kjöt er og hefur verið mikilvægur liður í sóttvörnum Íslands til verndar bæði heilsu búfjár og lýðheilsu manna. Helstu tveir kostir frystiskyldu á hráu kjöti eru þeir að hún annars vegar veitir okkur 30 daga biðtíma sem getur veitt okkur ómetanlega vörn gegn því að sjúkdómar eða sýkt kjöt berist til landsins og hins vegar að frysting drepur yfir 90% af kampýlóbakter, sem er algengasti valdur matarsýkinga í Evrópusambandinu, sem hefur ekki talið það „efnahagslega gerlegt“ að taka á vandanum á sama hátt og hér er gert þrátt fyrir að kostnaðurinn fyrir heilbrigðiskerfið og vegna vinnutaps innan ESB sé metinn á 2,4 milljarða evra á hverju ári.<sup>1</sup>

### **Mótvægisáðgerðir**

Kynntar eru mótvægisáðgerðir til að mæta þessum breytingum í frumvarpinu. Ein af þeim er viðbótartryggingar vegna salmonellu gagnvart innfluttu alifuglakjöti og eggjum. LK leggur áherslu á að Ísland njóti einnig viðbótartrygginga vegna nautakjöts líkt og aðrar Norðurlandabjórðir hafa þegar fengið og getið er á um í greinargerð frumvarpsins.

Allar mótvægisáðgerðirnar eru af hinu góða en mikilvægt er að ráðast í þær flestar hvort sem frystiskyldan verður afnumin eður ei. Verður þó að teljast nokkuð óraunhæft að nauðsynlegri vinnu við innleiðingu þeirra verði lokið fyrir áætlaða gildistöku frumvarpsins, sem er 1. september nk. Einnig verður ekki séð að búið sé að tryggja fjármagn í hið aukna matvælaeftirlit sem boðað er á markaði.

### **Samkeppnisstaða**

Bætt samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar er eitt af því sem mótvægisáðgerðunum er ætlað að vinna að. Í skýrslu sem Deloitte vann fyrir Bændasamtökin í maí 2018<sup>2</sup> kemur fram að tekjutap íslenskrar nautakjötsframleiðslu er áætlað 500-650 milljónir króna á ársgrundvelli eða 16-21% af framleiðsluvirði ársins 2016, verði frystiskyldan afnumin. Er það byggt á

<sup>1</sup> <https://www.efsa.europa.eu/en/topics/topic/campylobacter>

<sup>2</sup> <http://www.bondi.is/frettir-og-tilkynningar/ahrif-innflutnings-a-fersku-kjoti-a-tekjur-innlendra-framleidenda/2715>

tveimur sviðsmyndum, annars vegar ef verðlag á innlendum afurðum þyrfti að lækka til að keppa við innflutning á lægri verðum og hins vegar ef hlutfall innflutnings af heildarneyslu á Íslandi breyttist í sama hlutfall og á öðrum Norðurlöndum (Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland), á kostnað innlendarar framleiðslu. Ætti öllum að vera það ljóst að greinin stendur vart slíkt högg af sér nema til komi verulegar mótvægisaðgerðir. Greinin stendur á ákveðnum tímamótum en fyrstu Aberdeen-Angus kálfarnir, sem koma úr fósturvísun frá Noregi, fæddust sl. haust á einangrunarstöðinni að Stóra-Ármóti í Flóahreppi. Er það í fyrsta sinn í um 20 ár sem nýtt erfðaefni af holdanautakyni kemur til landsins. Er rekstur stöðvarinnar m.a. fjármagnaður af ríkinu í gegnum búvörusamninga og þar er einnig sérstaklega stutt við nautakjötsframleiðslu í formi álagsgreiðslna fyrir gripi í ákveðnum gæðaflokkum. Það skýtur því skökku við að stjórnvöld lyfti greininni upp með annarri hendinni en svipti bændur svo rekstrargrundvellingum með hinni.

Þá ber að nefna að sé litið til 4 ára tímabils frá janúar 2015 til desember 2018 hækkaði vísitala neysluverðs um 10,6%. Á sama tíma hækkaði verð á nautakjöti um 13,1%, en innflutningur hefur vaxið hvað hraðast á nautakjöti. Þetta er nokkuð á skjön við fullyrðingar um að aukinn innflutningur og aukið framboð leiði til lægra vöruverðs til neytenda.

### **Ógerilsneydd mjólk**

Ráðuneytið hefur gefið út að ekki eru fyrirhugaðar breytingar á banni við dreifingu á ógerilsneyddum mjólkurafurðum hér á landi en LK er ekki ljóst á frumvarpi þessu hver staða banns við innflutningi á ógerilsneyddum mjólkurafurðum verður. Í því samhengi er vert að benda á að búfjársjúkdómar á borð við mæði-visnuveiru geta borist hingað til lands með ógerilsneyddum mjólkurvörum.

### **Niðurlag**

Hér á landi er stundaður heilnæmur landbúnaður þar sem tíðni búfjársjúkdóma er einungis brot af því sem þekkist víða annars staðar. Sérstaða okkar í fátíðni matarsýkinga er einnig til fyrirmyndar og líta aðrar þjóðir til okkar með öfundaraugum. Það er hlutverk stjórnvalda að standa vörð um lýðheilsu landsmanna og búfjárheilsu okkar séríslensku stofna og ber stjórnámálönnum að leita allra leiða til að gera svo. Það eru mikil vonbrigði ef Ísland getur ekki varið lýðheilsu þjóðarinnar og heilbrigði búfjár okkar með sama hætti og hefur verið gert, ekki vegna okkar eigin vilja til að breyta kerfinu heldur sökum skrifræðis og reglna sem aðrir setja. Í ljósi framangreinds leggst Landssamband kúabænda gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

*Margrét Gísladóttir*

Margrét Gísladóttir

*Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda*